

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti þann 17. apríl 2019, breytingu á deiliskipulagi Miðvogslækjarsvæðis. Breytingin tekur til lóðanna Þjóðvegs 13 og 13A.

Í breytingunni felst að fjölga lóðum úr tveimur í sex, gert er ráð fyrir 5 einbýlishúsalóðum og ein lóð er ætluð undir geymslu/hesthús. Aðkoma að fjórum lóðum er frá Akrafjallsvegi 51, aðkoma að tveim lóðum er frá gamla Þjóðveginum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akranesi, 26. apríl 2019.

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 26. apríl 2019